

Manntalið 2011: Meginniðurstöður eftir svæðum

Census 2011: Main results by output areas

Samantekt Hagstofan tók manntal hinn 31. desember 2011. Gerð var sérstök grein fyrir helstu niðurstöðum manntalsins í Hagtíðindum hinn 3. júlí 2014.

Í þessu tölublaði Hagtíðinda er gerð grein fyrir sundurliðun valinna efnispátta eftir svæðaskiptingu sem Hagstofa Íslands hefur skilgreint með tilliti til birtingar á niðurstöðum manntals.

Niðurstöður eftir svæðum eru um margt athyglisverðar. Það var til dæmis munur á atvinnuþátttöku eftir svæðum í lok árs 2011. Mest var hún í Vatnsenda í Kópavogi, rétt tæplega 80%, en minnst í Laugardalnum í Reykjavík þar sem hún fór undir 65%. Atvinnuleysi var mest í Njarðvíkum, Ásbrú og Höfnum, 14,2%, en minnst í Vestmannaeyjum, 1,9%.

Menntunarstig var misjafnt eftir talningarsvæðum. Hlutfall háskólamenntaðra var hæst í Vesturbæ Reykjavíkur þar sem það fór yfir 50% af þeim sem voru 25 ára eða eldri en lægst á Suðurnesjum án Reykjanesbæjar, þar sem hlutfallið var 12,5% í aldurshópnum. Á höfuðborgarsvæðinu var þetta hlutfall yfir 25% á öllum svæðum nema Efra og neðra Breiðholti þar sem 18,6% íbúa 25 ára og eldri höfðu lokið prófi úr háskóla.

Hlutfall innflytjenda og afkomenda þeirra, þ.e. þeirra sem hvorugt foreldrið er fætt á Íslandi, né heldur afi og amma, var hæst í Efra og neðra Breiðholti þar sem 20% íbúa voru innflytjendur, en lægst var hlutfallið Ofan Brekku á Akureyri eða innan við 3%.

Gerð er grein fyrir þessum niðurstöðum og fleirum í þessu tölublaði Hagtíðinda, sem og töflum sem birtar eru á vef Hagstofunnar.

Inngangur

Talningarsvæði Manntalið 2011 var sameiginlegt verkefni allra aðildarlanda að Evrópska efnahags-svæðinu. Sambærilegt manntal er tekið um allan heim með sameiginlegri aðferða-fræði að undirlagi Sameinuðu þjóðanna. Hagstofu Íslands var gert kleift að taka þátt í þessu verkefni með styrk (IPA) frá Framkvæmdastjórn ESB.

Hagstofan hefur sett saman nýja svæðaskiptingu til að gera betur grein fyrir niðurstöðum manntalsins. Landinu er skipt upp í 2 megin svæði, höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Hvort megin svæðið um sig er síðan skipt upp í 2 aðalsvæði. Höfuðborgarsvæðið samanstendur af Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur, en landsbyggðin af suðursvæði og norðursvæði. Nánar er gerð grein fyrir þessari svæðaskiptingu í sérstakri greinargerð sem gefin er út jafnhliða þessum Hagtíðindum.



Auk skiptingar í landsvæði hefur Hagstofan skilgreint 42 talningarsvæði sem sett eru saman með það að markmiði að mannfjöldinn á hverju svæði sé eins nálægt meðaltalinu 7.500 manns og hægt er. Talningarsvæðin skiptast nokkuð vel á milli landsvæða. Alls eru 13 talningarsvæði í Reykjavík, 11 í nágrannasveitarfélögunum, 9 á suðursvæði og 9 á norðursvæði. Öllum fimm stærstu sveitarfélögum landsins er skipt upp í talningarsvæði auk Reykjavíkur. Þannig eru 4 talningarsvæði í Kópavogi og Hafnarfirði, 3 á Akureyri og 2 í Reykjanesbæ.

Þegar litið er til talningarsvæða kemur í ljós breytileiki milli svæða, sem ekki er jafnskýr þegar talnaefni af þessu tagi er gert upp eftir hefðbundinni skiptingu í sveitarfélög og landsvæði. Þannig er mikill mismunur á því hvar innflytjendur búa, eða hvernig menntunarstaða skiptist eftir búsetu. Þá er atvinnuþátttaka mismunandi eftir talningarsvæðum, sem og atvinnuleysi og við hvað menn starfa. Heimilis- og fjölskylduáðstæður eru nokkuð svipaðar um land allt, en mjög er misjafnt hversu margir búa í eignaríbúðum eftir talningarsvæðum. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu efnisþáttum niðurstaðnanna.

Á bls. 9 eru skýringar við helstu hugtök sem notuð eru í þessu hefti Hagtíðinda.

Landfræði og lýðfræði

Íbúatala og landsvæðin

Að meðaltali búa um 7.500 á hverju svæði. Fæstir eru rúmlega 4.000 á Seltjarnarnesi og í Vestmannaeyjum en flestir eru tæplega 14.000 í Háaleiti og Bústaðahverfi annars vegar og Garðabæ og Álftanesi hins vegar.

Talningarsvæðin ná hins vegar yfir mjög misstór landsvæði. Víðfeðmast er talningarsvæðið Skaftafells- og Rangárvallasýslur (21.972 km²), en minnsta svæðið í ferkílómetrum er Laugardalur vestur, tæpir 1,6 km². Strjálbýlast er norðausturhorn landsins, Þingeyjarsýslur austan Eyjafjarðar. Þar býr að meðaltali 1 íbúi á hverja 4 ferkílómetra. Vesturbær suður í Reykjavík er hins vegar þéttbýlasta talningarsvæðið. Þar búa 5.110 íbúar á ferkílómetra.


Þéttbýli Alls bjuggu 93,8% mannfjöldans í þéttbýli í árslok 2011. Með þéttbýli er átt við þéttbýlisstaði þar sem íbúarnir eru 200 eða fleiri. Þetta hlutfall var yfir 60% á öllum talningarsvæðum nema tveimur, Þingeyjarsýslum austan Eyjafjarðar þar sem það var 55,4% og Skaftafells- og Rangárvallasýslum þar sem það var 56,9%.

Þéttbýlisstaðir Alls voru 60 þéttbýlisstaðir á landinu hinn 31. desember, þ.e. byggðakjarnar þar sem íbúar voru 200 manns eða fleiri. Langstærsti staðurinn var Stór-Reykjavík, þar sem bjuggu 197.565 íbúar. Næst fjölmennasti þéttbýlisstaðurinn var Akureyri og nágrenni með 17.638 íbúa, en Keflavík og Njarðvík komu þar næst með 13.983 íbúa.

Flestir þéttbýlisstaðirnir höfðu færri en 1.000 íbúa. Alls voru taldir 35 slíkir staðir, þar af 22 á norðursvæðinu.

Mynd 1. Karlar að tiltölu við 1.000 konur eftir talningarsvæðum 31. desember 2011


Figure 1. Males per 1,000 females by output areas 31 December 2011



Kynjahlutföll Á landinu öllu voru 1.005 karlar á móti hverjum 1.000 konum hinn 31. desember 2011. Nokkuð er þessu misjafnt farið á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu var 981 karl á móti hverjum 1.000 konum, en 1.047 karlar á hverjar 1.000 konur á landsbyggðinni. Hlutfallslega voru karlar flestir í Fjarðabyggð og Suðurfjörðum þar sem voru 1.164 karlar fyrir hverjar 1.000 konur. Í Smáranum og Fífuhvammur voru hins vegar færstir karlar að tiltölu við konur, en þar voru karlarnir 928 fyrir hverjar 1.000 konur.

Mynd 2. Meðalaldur eftir talningarsvæðum 31. desember 2011

Figure 2. Average age by output areas 31 December 2011




Aldur Meðalaldur þjóðarinnar var 36,4 ár hinn 31. desember 2011. Meðalaldurinn er þó breytilegur milli talningarsvæða. Yngstir voru íbúar á Völlunum í Hafnarfirði, þar sem meðalaldurinn var 27,6 ár. Elstir voru hins vegar íbúar í Laugardal austur í Reykjavík, þar sem meðalaldurinn var 41,1 ár.

Framfærsluhlutfall Sé litið á framfærsluhlutfallið fyrir ungmenni, þ.e. fjölda fólks yngri en 20 ára sem hlutfall af fólki á helsta vinnualdri (20–64 ára), þá var það 47,6 á landinu öllu, en hæst á Völlunum í Hafnarfirði þar sem það var 64,2 á móti hverjum 100 á vinnualdri. Lægst var það í Miðborg Reykjavíkur 22,3 ungmenni á móti hverjum 100 á vinnualdri. Höfuðborgarsvæðið var þó að jafnaði með lægra hlutfall ungs fólks — 45,7 ungmenni undir 20 ára á móti hverjum 100 á vinnualdri — en á landsbyggðinni þar sem hlutfallið var 51,2.

Framfærsluhlutfallið fyrir eldri borgara (65 ára og eldri) var 21,6 eldri borgari fyrir hverja 100 á vinnualdri hinn 31. desember 2011. Hæst var þetta hlutfall í Laugardal austur (36,8) en lægst á Völlunum (6,6). Á höfuðborgarsvæðinu var hlutfallið 20,6 en 23,5 á landsbyggðinni.

Mynd 3. Innflytjendur eftir talningarsvæðum 31. desember 2011

Figure 3. Immigrants by output areas 31 December 2011



Erlendur bakgrunnur

Alls voru innflytjendur og börn þeirra um 8,6% landsmanna hinn 31. desember 2011. Langhæst var þó þetta hlutfall í efra og neðra Breiðholti í Reykjavík, þar sem fimmti hver íbúi var innflytjandi eða barn innflytjanda. Á Akureyri voru 3,9% íbúanna með innflytjendabakgrunn, en 2,9% á talningarsvæðinu Ofan Brekku. Þar var það lægst á landinu.


Á landsbyggðinni voru 7,9% íbúanna innflytjendur eða afkomendur þeirra en 9,0% íbúa höfuðborgarsvæðisins. Alls var hlutfallið 10,6% í Reykjavík en 6,8% í nágrenni Reykjavíkur. Þá voru 9,2% íbúa suðursvæðisins með innflytjendabakgrunn en 6,5% íbúa norðursvæðisins.

Heimilin

Stærð heimila

Alls voru 118.565 einkaheimili á landinu á manntalsdeginum hinn 31. desember 2011. Að meðaltali voru 2,6 einstaklingar á hverju heimili. Örlítill munur var á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, en í Reykjavík og nágrenni hennar voru heimilin 2,5 manns að meðaltali, en 2,7 á landsbyggðinni. Fjölmennustu heimilin voru á talningarsvæðinu Setbergi og Áslandi í Hafnarfirði, þar sem voru 3,2 einstaklingar að jafnaði, en fámennustu heimilin voru í Miðborg Reykjavíkur þar sem 1,8 bjuggu að meðaltali á hverju heimili.

Mynd 4. Sér eignaríbúð eftir talningarsvæðum 31. desember 2011
 Figure 4. Owner occupation by output areas 31 December 2011



Eignarhald Að meðaltali bjuggu 71,7% heimilanna í eignaríbúð hinn 31. desember 2011. Sér eignarhlutfallið var hæst í Vestmannaeyjum, þar sem 84,6% einkaheimilanna voru í eigin íbúð. Lægst var það í miðborg Reykjavíkur þar sem 44,8% heimilanna voru í eignaríbúð. Ekki var teljandi munur á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni hvað þetta hlutfall varðar. Í Reykjavík var hlutfallið hins vegar 67,7% á móti 77,2% í nágrennasveitarfélögunum.

Atvinna


Atvinnuþátttaka Alls voru 166.184 starfandi á landinu í árslok 2011 en 10.954 atvinnulausir. Það jafngildir 72,2% atvinnuþátttöku af öllum þeim sem eldri eru en 15 ára. Atvinnuleysið var þá 6,2% á landinu öllu.

Ekki var teljandi munur á atvinnuþátttöku eftir megin svæðum en milli aðalsvæða var hún nokkur. Þannig var atvinnuþátttakan 70,7% í Reykjavík en 74,6% í nágrenni Reykjavíkur. Nær enginn munur var á atvinnuþátttöku aðalsvæðanna á landsbyggðinni. Á norðursvæðinu var hún 72,0% en 71,9% á suðursvæðinu.

Lægst var atvinnuþátttakan í Laugardalnum í Reykjavík. Í austurhlutanum var hún 63,7% en 64,2% í vesturhlutanum. Hæst var hún hins vegar á talningarsvæðinu Vatnsenda þar sem hún náði 79,9%. Tvö talningarsvæði í Hafnarfirði — Vellir og Setberg og Ásland — voru þar skammt á eftir.

Mynd 5. Atvinnuleysi eftir talningarsvæðum 31. desember 2011

Figure 5. Unemployment by output areas 31 December 2011



- Atvinnuleysi** Atvinnuleysi var mest í Reykjavík af aðalsvæðunum fjórum hinn 31. desember 2011. Þar var það 7,2%. Lægst var atvinnuleysið á norðursvæðinu, eða 3,5%. Sé horft til talningarsvæða reis atvinnuleysið hæst á manntalsdeginum á talningarsvæðinu Njarðvíkur, Ásbrú og Hafnir. Þar var það 14,2%. Í Keflavík var það næst hæst eða 10,7%. Minnst var atvinnuleysið í Vestmannaeyjum, 1,9%.
- Starfandi fólk** Alls unnu 74,6% starfandi fólks á landinu hinn 31. desember 2011 við þjónustugreinar, en 81,8% á höfuðborgarsvæðinu og 83,1% í Reykjavík. Á landsbyggðinni unnu 61,9% starfandi í þjónustugeiranum. Þjónustugreinar eru algengustu atvinnugreinarnar á öllum talningarsvæðum landsins. Í Vesturbæ Reykjavíkur, norður og suður, störfuðu tæplega 90% við þjónustugreinar, en hlutfallið var lægst í Eyjafirði þar sem 53,1% starfandi fólks unnu í þeim atvinnugreinum. Á átta öðrum talningarsvæðum var þetta hlutfall undir 60% í lok árs 2011.
- Atvinnugreinar** Hlutfall starfa við landbúnað og fiskveiðar var hæst á Vesturlandi norðan Skarðsheiðar, 20,9% en Húnaþing og Skagafjörður fylgdu fast á eftir með 20,7%. Á landinu öllu var þetta hlutfall 5,9% hinn 31. desember 2011, 2,1% á höfuðborgarsvæðinu en 12,5% á landsbyggðinni. Ívið fleiri unnu við slík störf á norðursvæðinu en suðursvæðinu, þar sem hlutfallið var 13,4% samanborið við 11,8% á suðursvæðinu.


Menntun

Háskólamenntun

Alls höfðu 29,2% þeirra sem eru 25 ára eða eldri lokið háskólaprófi á manntalsdeginum, 31. desember 2011. Þetta hlutfall er mjög misjafnt eftir talningarsvæðum. Á höfuðborgarsvæðinu öllu er hlutfall háskólamenntaðra af aldurshópnum 34,8%, þar af 35,7% í Reykjavík en 33,5% í nágrenni Reykjavíkur. Á landsbyggðinni var hlutfall háskólamenntaðra 19,2%, þar af 17,5% á suðursvæðinu en 21,1% á norðursvæðinu.

Mynd 6. Háskólamenntun eftir talningarsvæðum 31. desember 2011

Figure 6. Tertiary education by output areas 31 December 2011



Langhæsta hlutfall háskólamenntaðra 25 ára og eldri var í Vesturbæ Reykjavíkur. Í Vesturbæ suður var það 52,5% en 51,1% í norðurhlutanum. Í Reykjavík var hlutfallið á öllum svæðum yfir 30%, nema í Grafarvogi norður þar sem það var 27,1% og Efra og neðra Breiðholti þar sem það var 18,6%. Lægst var hlutfall háskólamenntaðra á Suðurnesjum án Reykjanesbæjar, þar sem það var 12,5%. Á landsbyggðinni var þetta hlutfall milli 15% og 20% á 12 svæðum af 18. Hæst hlutfall háskólamenntaðra íbúa á landsbyggðinni var á talningarsvæðinu Ofan Brekku á Akureyri, þar sem það var 30,3% hinn 31. desember 2011.

Framhaldsskólamenntun

Alls höfðu 35,6% landsmanna á aldrinum 25 ára og eldri hæst lokið menntun úr framhaldsskóla hinn 31. desember 2011. Ekki var teljandi munur milli aðalsvæða hvað þetta hlutfall varðar. Það var lægst á norðursvæðinu, 32,5% en hæst í nágrenni Reykjavíkur, 38,2%. Hæst var hlutfallið 40,6% á talningarsvæðinu Hafnarfjörður suður, en lægst í Vesturbæ suður þar sem það var 29,3%. Á síðastnefnda

talningarsvæðinu var þó hæst hlutfall þeirra sem höfðu lokið menntun umfram grunnskólastigið, 81,8%, samanborið við þar sem það var lægst 45,6% á Suðurnesjum án Reykjanesbæjar.

Skýringar

- Atvinnugrein* Atvinnugrein vísar til tegundar framleiðslu eða starfsemi fyrirtækis eða svipaðrar einingar þar sem einstaklingur, sem er virkur á vinnumarkaði eins og er, vinnur í tiltekinni vinnustöð.
- Einstaklingar sem sækja vinnu í fleiri en einni atvinnugrein eru heimfærðir á þá atvinnugrein sem skilaði hæstu tekjunum. Sundurliðað er samkvæmt bálkum alþjóðlegu atvinnugreinaflokkunarinnar ÍSAT 2008 (NACE Rev. 2). Sama starf liggur til grundvallar flokkun eftir atvinnugrein, starfsstétt og atvinnustétt.
- Byggðarstig* Byggðarstig er flokkun á þéttbýlisstöðum eftir stærð.
- Fjölskyldugerð* Fjölskyldukjarni eru tveir eða fleiri einstaklingar sem tilheyra sama heimili og eru tengdir sem makar eða sem foreldri og barn. Því getur gerð fjölskyldu verið barnlaust þar eða þar með eitt eða fleiri börn eða einstætt foreldri með eitt eða fleiri börn. Þetta fjölskylduhugtak takmarkar tengsl milli barna og fullorðinna við bein tengsl (í fyrsta lið), þ.e. milli foreldris og barns. Barn (sonur/dóttir) vísar til líffræðilegs barns, stjúpbarns eða ættleidds barns án tillits til aldurs eða hjúskaparstöðu sem hefur vanalega búsetu á heimili a.m.k. annars foreldris og á hvorki maka né eigið barn á sama heimili. Fósturbörn eru ekki meðtalin. Sonur eða dóttir á heimili sem býr með maka eða einu eða fleiri af sínum eigin börnum telst ekki vera barn, heldur er talin til eigin fjölskyldukjarna. Barn sem býr til skiptis á tveimur heimilum (t.d. ef foreldrar þess eru fráskildir) er talið á skráðu lögheimili sínu.
- Tveir einstaklingar eru taldir vera þar í „sambúð“ þegar þeir:
- búa á sama heimili og
 - eiga í hjónasambandi (þ.m.t. að vera kynforeldrar sama barns) og
 - eru ekki giftir hvorir öðrum.
- Barnabörn sem búa hjá afa og/eða ömmu en engu foreldri sinna teljast ekki til fjölskyldukjarna.
- Fæðingarland* Miðað er við það land sem móðirin hafði vanalega búsetu í þegar fæðingin átti sér stað, eða, ef þær upplýsingar eru ekki fyrir hendi, við fæðingarstaðinn. Miðað er við fæðingarlandið á grundvelli alþjóðlegra landamæra sem í gildi voru hinn 1. janúar 2011.
- Gerð heimilis* Einkaheimili er skilgreint á grundvelli íbúðarinnar, en ekki á grundvelli sameiginlegs heimilishalds. Í því felst að allir einstaklingar sem búa í íbúð eru heimilisfólk á sama heimili, þannig að það er eitt heimili á hverja íbúð sem búið er í. Af þessum sökum eru nokkur heimili í manntalinu afar stór, en ekki liggja fyrir heimildir um uppskiptingu leiguhúsnaðis, þar sem leigt er til margra einstaklinga, eða óskráðra aukaíbúða sem leigð eru út. Alla jafnan er sama hvort rætt er um íbúð eða heimili, einstaklingarnir eru þeir sömu. Frá því eru þó undantekningar. Fjölskyldukjarnar eða fólk utan fjölskyldukjarna sem búsett er á gistiheimilum, eða starfsmenn á stofnunum sem búa á stofnuninni ásamt fjölskyldum sínum og íbúðin er ekki þekkt, eru taldir hver um sig sem eitt heimili. „Fólk í húsnaðishraki“, þ.e. fólk sem hefur

flutt oft milli íbúða á árinu eða er á biðlista sveitarfélaga vegna húsnæðisleysis, er ekki talið með einkaheimilum.

Húsnæðisfyrirkomulag

Húsnæðisfyrirkomulag nær yfir heildarmannfjölda og vísar til gerðar hússins, þar sem einstaklingur hefur venjulega fasta búsetu, á þeim tíma þegar manntalið er gert. Hann nær yfir alla einstaklinga sem hafa vanalega búsetu í ólíkum gerðum híbýla, þá sem eru ekki með vanalega búsetu og dvelja tímabundið í einhvers konar aðsetri og þá sem eru án þaks yfir höfuðið og sofa á götunni eða í neyðarskýlum á þeim tíma þegar manntalið er gert. Íbúar sem nýta tiltekið íbúðarhúsnæði eru einstaklingar með vanalega búsetu á þeim stöðum sem skráðir eru í flokka eftir því sem við á. „Heimilislausir“ geta verið einstaklingar sem eru á götunni án skýlis er gæti flokkast sem vistarvera (útiganga) eða einstaklingar sem flytja oft úr einu skammtímahúsnæðinu í annað (fólk í húsnæðishraki).

Menntunarstig

Menntunarstig vísar til hæsta stigs menntunar sem lokið er innan menntakerfis þess lands þar sem hennar var aflað. Öll menntun sem skiptir máli við lok námsstigs skal tekin með í reikninginn, jafnvel þótt hennar hafi verið aflað utan skóla. Einstaklingar 15 ára eða eldri eru aðeins settir í einn flokk menntunarstigs sem að öllu jöfnu er hæsta stig sem lokið er. Einstaklingar undir 15 ára aldri eru flokkaðir í „á ekki við“.

Ríkisfangsland

Ríkisfang er skilgreint sem sérstök lagaleg tengsl milli einstaklings og ríkis hans/hennar, sem verða til við fæðingu eða með veitingu ríkisborgararéttar, hvort sem er með yfirlýsingu, vali, hjónabandi eða eftir öðrum leiðum sem samræmast landslöggjöf. Einstaklingur með ríkisborgarétt í tveimur eða fleiri löndum skal aðeins talinn til eins ríkisfangslands sem skal ákvarðað með eftirfarandi forgangs röð:

1. Ísland,
2. aðildarríki ESB, ef einstaklingurinn hefur ekki íslenskan ríkisborgarétt, eða
3. annað land utan Evrópusambandsins.

Með „aðildarríki ESB“ er átt við land sem er aðili að Evrópusambandinu hinn 1. janúar 2011. Einstaklingar sem eru hvorki ríkisborgarar í neinu landi né ríkisfangslausir, og hafa einhver en ekki öll réttindi og skyldur sem tengjast ríkisborgarétti, eru flokkaðir í „Viðurkenndir utanríkisborgarar“.

Staða á heimili

Einstaklingar á einkaheimili ná yfir efnisflokkana „Einstaklingar í fjölskyldukjarna“ og „Einstaklingar utan fjölskyldukjarna“. Flokkurinn „Einstaklingar í fjölskyldukjarna“ nær yfir alla einstaklinga sem búa á einkaheimili er hýsir fjölskyldukjarnann sem þeir tilheyra. Flokkurinn „Einstaklingar utan fjölskyldukjarna“ nær yfir alla einstaklinga sem annaðhvort tilheyra heimili án fjölskyldu eða fjölskylduheimili, án þess að tilheyra neinum fjölskyldukjarna á því heimili. Heimili án fjölskyldu getur verið heimili eins einstaklings eða sameiginlegt heimili fleiri en eins einstaklings án fjölskyldukjarna. Flokkurinn „Búa ekki einir“ nær yfir einstaklinga sem búa annaðhvort á sameiginlegu heimili án fjölskyldukjarna eða á fjölskylduheimili án þess að tilheyra fjölskyldukjarnanum á því heimili. „Stofnanaheimili“ eru heimili rekin af lögaðilum þar sem hópi fólks er veitt húsnæði og þjónusta til lengri tíma. Stofnanir hafa gjarnan sameiginleg þægindi sem íbúarnir deila með sér (snyrtiaðstöðu, setustofur, mötuneyti, svefnskála og svo framvegis). Til stofnanaheimila teljast meðal annars hjúkrunarheimili, dvalarheimili, íbúðir

fyrir aldraða með sólarhringsþjónustu, stúdentagarðar, sambýli fyrir fatlaða, fangelsi og klaustur.

Staða á vinnumarkaði Staða á vinnumarkaði eru núverandi tengsl einstaklings við atvinnustarfsemi, byggð á viðmiðunartímabili sem er nóvembermánuður 2011. Í nokkrum tilvikum þegar upplýsingar leyfðu var staðan á vinnumarkaði 30. nóvember 2011. Þegar skráð er ein tiltekin atvinnustaða á hvern einstakling er staðan „í vinnu“ tekin fram yfir „atvinnulaus“ og staðan „atvinnulaus“ tekin fram yfir „ekki virkur á vinnumarkaði“. Einstaklingar sem urðu 15 ára á manntalsárinu 2011 og þaðan af yngri einstaklingar teljast ekki vera á vinnualdri.

Staða í fjölskyldu Fjölskyldukjarni er tveir eða fleiri einstaklingar sem tilheyra sama heimili og eru tengdir sem makar eða sem foreldri og barn. Þetta fjölskylduhugtak takmarkar tengsl milli barna og fullorðinna við bein tengsl (í fyrsta lið), þ.e. milli foreldris og barns. Barn (sonur/dóttir) vísar til líffræðilegs barns, stjúp barns eða ættleidds barns án tillits til aldurs eða hjúskaparstöðu sem hefur vanalega búsetu á heimili a.m.k. annars foreldris og á hvorki maka né eigið barn á sama heimili. Fósturbörn eru ekki meðtalín. Sonur eða dóttir á heimili sem býr með maka eða einu eða fleiri af sínum eigin börnum, telst ekki vera barn, heldur telst til eigin fjölskyldukjarna. Barn, sem býr til skiptis á tveimur heimilum (t.d. ef foreldrar þess eru skilin), er talið á skráðu lögheimili sínu.

Tveir einstaklingar eru taldir vera í „sambúð“ þegar þeir:

- búa á sama heimili og
- eiga í hjónasambandi (þ.m.t. að vera kynforeldrar sama barns) og
- eru ekki giftir hvorir öðrum.

Barnabörn sem búa hjá afa og/eða ömmu en engu foreldri sinna teljast ekki til fjölskyldukjarna.

Starfsstétt Flokkað er eftir tegund vinnunnar sem innt er af hendi í starfinu (þ.e. meginverkefni og vinnuskyldur starfsins). Sundurliðunin er í samræmi við tíu bálkna alþjóðlegu starfsgreinaflokkunarinnar (ISCO-08). Sama starf liggur til grundvallar flokkun eftir atvinnugrein, starfsstétt og atvinnustétt.

Umráðaréttur heimila Umráðaréttur heimila vísar til þess með hvaða hætti einkaheimili nær yfir heila íbúð eða hluta hennar. Heimili, þar sem borgað er veðlán af íbúðinni þar sem heimilisfólk býr eða kaup á íbúðinni fara fram með annars konar fjárhagsráðstöfunum, eru flokkuð í flokkinn „Heimili í eignaríbúð“. Heimili, þar sem a.m.k. einn heimilismaður er eigandi íbúðarinnar og a.m.k. einn leigjandi í allri íbúðinni eða hluta hennar, eru flokkuð í flokkinn „Heimili í eignaríbúð“.

Vanaleg búseta Með vanalegri búsetu er átt við þann stað þar sem einstaklingur dvelur að öllu jöfnu sér til hvíldar og nætursvefns, án tillits til tímabundinnar fjarveru vegna afþreyingar, sumarleyfa, heimsóknar til vina og skyldmenna, viðskiptaferða, sjúkrahúsdvalar eða ferðalaga í trúarlegum tilgangi. Vanalegur búsetustaður merkir að einstaklingar, sem vanalega eru búsettir á talningarstað en eru fjarverandi, eða búist er við að séu fjarverandi, í styttri tíma en hálf tveimur árum þegar manntalið er gert, eru taldir vera fjarverandi til skamms tíma og teljast því með í heildarmannfjölda.

Einstaklingar skráðir með lögheimili á Íslandi en uppfylla ekki viðmið vanalegrar búsetu á talningarstað, þ.e. búa ekki eða reikna ekki með að búa á talningarstað í

a.m.k. 12 mánuði samfleytt, eru álitnir vera viðstaddir til skamms tíma og því ekki taldir með í venjulegum heildarmannfjölda vanalegrar búsetu. Þegar tímabundin fjarvera fæst ekki staðfest er skráð lögheimili látið gilda.

Þéttbýlisstaður Þéttbýlisstaður er skilgreindur sem ákveðin íbúabyrping, þ.e. svæði þar sem fólk býr í nær- eða samliggjandi byggingum. Slíkar byggingar geta verið:

- a) samfellt þéttbýli með skýrt afmörkuðum götum eða
- b) þyrping bygginga sem ber viðurkennt, sérstakt staðarheiti, þótt hún sé ekki hluti af slíku þéttbýli eða
- c) þyrping bygginga, þar sem hvergi er meira en sem nemur 200 metrum milli bygginga, þótt hún uppfylli hvorugt framangreindra viðmiða.

English summary

The Icelandic Census was taken on 31 December 2011. The Census was register-based, with the topics defined according to international and European standards (Regulation (EC) No. 763/2008 of the European Parliament and the Council). First results were published 3 July 2014. The results of the pan-European Census are available on the Eurostat web page.

In this issue, Statistics Iceland publishes for the first time selected topics with a new regional breakdown. The main regions are redefined for the purposes of the Census, special output areas were created with an average of 7,500 inhabitants. The definition of localities and urbanization was also adjusted for the purposes of the Census.

There is a fairly broad difference in current activity status by output areas. The highest rate was in the output area of “Vatnsendi” in the municipality of Kópavogur where 79.9% of the population 16 years and older was active in the labour market. The lowest labour force participation rate was in the two areas of “Laugardalur” in Reykjavik, where less than 65% of the population 16 years and older were currently active. The output area of “Njarðvíkur, Ásbrú og Hafnir” in Reykjanesbær showed the highest unemployment rate, 14.2%, whereas the lowest rate was in Vestmannaeyjar, 1.9%.

The rate of university educated persons 25 years and older was highest in the two areas of “Vesturbær” in Reykjavik, where more than 50% of the population in this age group had attained education at the tertiary level. This rate was lowest in the output area of “Suðurnes án Reykjanesbæjar”, where one in eight had finished university education. The percentage of persons with tertiary education in this age group was above 25% in all output areas of the Capital region, except in the area of “Efra og neðra Breiðholt” where 18.6% of the population in this age group had attained university education.

The output area of “Efra og neðra Breiðholt” was also the area with the highest proportion of immigrants. Exactly 20% of the population were either immigrants or second generation immigrants (children of immigrants). This percent was lowest in the output area of “Ofan Brekku” in the municipality of Akureyri, where less than 3% of the population had immigrant background.

The above results and many more can be found in the current publication of the Statistical Series and the accompanying tabular publication on the web-site of Statistics Iceland.

Tafla 1. Helstu niðurstöður manntals eftir svæðum 31. desember 2011

Table 1. Main results by regions and output areas 31 December 2011

Svæði Region/output area	Km ²	Íbúatala Popula- tion	Íbúar á km ² per km ²	Þéttbýli Urban %	Karlar/ 1.000 konur Males/ 1,000 females	Meðal- aldur Average age	Fram- færslu- hlutfall 0–19 ára Depen- dency ratio 0–19 yrs
Alls	102.712	315.556	3,1	93,8	1.005	36,4	47,6
Höfuðborgarsvæði	1.044	201.325	193	99,6	981	36,3	45,7
Reykjavík	274	117.965	430	99,7	978	36,9	41,5
Vesturbær norður	1,7	4.885	2.844	100,0	944	36,2	33,3
Vesturbær suður	2,1	10.766	5.110	100,0	943	34,8	39,8
Miðborg	3,8	9.451	2.459	100,0	1.047	37,3	22,3
Hlíðar	3,2	9.335	2.896	100,0	978	35,9	35,2
Laugardalur vestur	1,6	5.239	3.376	100,0	1.037	39,9	35,2
Laugardalur austur	6,8	10.283	1.510	100,0	935	41,1	42,3
Háaleiti og Bústaðahverfi	4,5	13.975	3.076	100,0	935	40,1	42,5
Efra og neðra Breiðholt	3,5	11.903	3.359	100,0	972	36,9	43,1
Seljahverfi	2,3	7.920	3.414	100,0	987	37,4	47,5
Árbær	63	10.049	159	99,9	996	34,5	48,9
Grafarvogur suður	5,2	7.437	1.429	100,0	1.011	38,4	37,7
Grafarvogur norður	9,0	10.215	1.131	100,0	996	33,0	58,1
Grafarholt og Kjalarnes	167	6.507	39	95,5	987	32,5	55,2
Nágrenni Reykjavíkur	770	83.360	108	99,3	986	35,4	52,0
Hafnarfjörður	144	26.204	183	100,0	979	34,3	52,9
Vellir	99	4.281	43	100,0	976	27,6	64,2
Hafnarfjörður suður	8,7	7.310	842	99,9	998	34,9	49,7
Setberg og Ásland	33	5.707	175	100,0	997	32,1	56,4
Hafnarfjörður norður	3,1	8.906	2.870	100,0	954	38,4	47,7
Garðabær og Álftanes	75	13.402	178	99,6	972	36,7	52,6
Kópavogur	80	30.671	383	100,0	983	35,8	50,5
Kársnes	1,9	4.439	2.354	100,0	1.029	39,3	42,9
Digranes	3,3	11.448	3.494	100,0	995	37,0	42,9
Smárinn og Fífuhammur	3,9	8.579	2.203	100,0	928	36,7	57,1
Vatnsendi	71	6.205	87	99,9	1.006	30,0	62,7
Seltjarnarnes	2,1	4.180	1.981	100,0	966	39,5	44,6
Mosfellsbær og Kjós	469	8.903	19	94,2	1.052	33,6	56,6
Landsbyggð	101.668	114.231	1,1	83,6	1.047	36,7	51,2
Suðursvæði	41.330	61.865	1,5	85,7	1.062	35,9	51,9
Skaftafells- og Rangárvallasýslur	21.972	6.268	0,29	56,9	1.083	38,8	47,1
Vestmannaeyjar	16	4.097	254	100,0	1.090	37,7	50,4
Árborg	157	7.772	49	95,4	1.045	35,9	56,6
Árnessýsla án Árborgar	8.841	7.270	0,82	60,4	1.068	37,5	49,1
Reykjanesbær	144	14.074	97	99,4	1.032	34,0	51,9
Keflavík	7,1	7.469	1.059	100,0	1.036	37,0	47,1
Njarðvíkur, Ásbrú og Hafnir	137	6.605	48	98,6	1.027	30,7	57,5
Suðurnes án Reykjanesbæjar	672	6.940	10	98,4	1.092	33,9	56,6
Akranes og Hvalfjarðarsveit	490	7.149	15	92,2	1.058	35,7	55,0
Vesturland norðan Skarðsheiðar	9.038	8.295	0,92	73,8	1.071	36,6	47,9
Norðursvæði	60.338	52.366	0,87	81,1	1.031	37,7	50,3
Vestfirðir	8.844	6.763	0,76	82,5	1.040	38,1	49,3
Húnaþing og Skagafjörður	13.104	7.087	0,54	61,4	1.028	39,0	49,8

Framfærsluhlutfall 65+ ára	Innflytjendur, %	Séreignarhlutfall	Atvinnuþátttaka 16+ ára	Atvinnuleysi, %	Landbúnaður og fiskveiðar, %	Framleiðsla, %	Þjónustugreinar, %	Háskólamenntun, %	Framhaldsskólamenntun, %
<i>Dependency ratio</i>	<i>Immigrants, %</i>	<i>Owner occupied, %</i>	<i>Currently active, %</i>	<i>Unemployment, %</i>	<i>Agriculture and fisheries, %</i>	<i>Industry, %</i>	<i>Services, %</i>	<i>Tertiary education, %</i>	<i>Upper secondary, %</i>
65+ yrs	grants, %	%	16+ yrs	%	%	%	%	% 25+ yrs	% 25+ yrs
21,6	8,6	71,7	72,2	6,2	5,9	19,5	74,6	29,2	35,6
20,6	9,0	71,3	72,3	6,8	2,1	16,1	81,8	34,8	36,2
20,9	10,6	67,7	70,7	7,2	2,0	14,8	83,1	35,7	34,8
17,3	12,7	57,2	71,4	6,9	1,5	10,4	88,1	51,1	29,4
16,2	8,9	66,7	70,6	5,3	1,3	9,1	89,6	52,5	29,3
15,6	18,9	44,8	67,2	10,6	2,6	11,6	85,8	41,4	32,4
16,5	12,8	63,0	72,7	7,8	2,1	12,2	85,7	44,1	32,6
28,1	11,3	59,6	64,2	7,5	1,8	14,0	84,2	33,8	35,1
36,8	10,0	67,6	63,7	7,4	1,8	13,9	84,3	33,6	33,3
31,9	8,5	75,6	66,7	6,3	1,6	13,7	84,7	39,4	33,4
22,7	20,0	68,3	69,4	10,1	2,2	20,2	77,6	18,6	37,8
22,9	10,5	82,7	73,4	6,7	2,1	16,9	80,9	30,3	37,9
14,9	6,4	74,2	76,5	6,0	1,7	18,0	80,3	32,8	37,3
16,9	5,9	80,8	74,8	5,7	1,9	16,9	81,2	32,5	38,4
14,3	4,4	80,6	76,8	6,4	2,4	17,6	80,1	27,1	38,5
14,6	5,6	60,6	76,5	6,5	4,1	17,2	78,8	30,5	38,8
20,1	6,8	77,3	74,6	6,2	2,3	17,8	80,0	33,5	38,2
17,6	8,2	73,1	74,8	7,1	2,5	21,1	76,4	28,4	39,3
6,6	10,8	66,0	79,7	9,0	3,0	23,2	73,8	25,6	39,2
17,1	9,3	73,3	75,1	7,4	2,5	21,9	75,6	26,4	40,6
8,6	3,3	81,7	79,6	5,2	2,4	19,0	78,6	35,4	39,1
29,9	9,2	71,6	69,7	7,3	2,4	20,9	76,7	27,0	38,4
23,2	3,9	83,6	73,1	5,4	2,0	15,4	82,6	39,4	37,7
21,4	7,5	76,1	74,6	6,3	1,9	16,3	81,9	33,8	38,0
28,2	11,5	78,0	72,0	7,3	2,1	15,8	82,2	32,4	39,2
19,5	11,1	73,5	75,7	7,2	1,6	16,4	81,9	32,6	38,7
28,4	3,8	80,5	71,2	4,6	1,7	15,7	82,6	33,3	37,4
11,2	3,3	73,1	79,9	5,8	2,4	17,0	80,5	38,4	36,6
26,2	6,0	84,2	71,1	4,3	1,8	12,3	85,9	45,4	35,0
15,0	4,9	82,4	78,2	5,3	3,4	19,6	77,0	32,0	38,4
23,5	7,9	72,4	72,0	5,1	12,5	25,6	61,9	19,2	34,5
21,6	9,2	71,2	71,9	6,4	11,8	26,5	61,8	17,5	36,1
27,3	9,2	72,8	72,6	3,3	18,6	26,4	55,0	15,7	33,6
25,0	4,7	84,6	71,8	1,9	16,5	28,5	55,0	16,7	38,2
24,1	5,4	76,6	70,9	6,0	4,4	24,9	70,7	20,4	35,2
24,2	9,8	69,6	72,4	4,7	18,1	23,5	58,4	18,6	37,8
16,7	11,5	63,2	70,7	12,3	4,2	21,6	74,1	16,6	37,5
20,7	12,7	71,1	70,9	10,7	4,1	21,0	74,9	15,7	36,4
12,2	10,2	53,4	70,5	14,2	4,4	22,4	73,2	17,7	38,8
16,8	13,0	72,9	72,9	9,6	11,5	33,1	55,4	12,5	33,1
22,7	6,8	74,8	72,3	4,1	6,0	36,6	57,4	20,1	37,6
22,8	9,3	69,0	73,0	3,2	20,9	23,2	55,9	18,8	35,6
25,9	6,5	73,9	72,0	3,5	13,4	24,6	62,0	21,1	32,5
25,6	12,1	72,2	73,7	2,8	19,7	25,6	54,6	17,7	32,3
30,0	4,3	74,2	70,8	2,6	20,7	19,1	60,2	18,0	33,1

Tafla 1. Helstu niðurstöður manntals eftir svæðum 31. desember 2011 (frh.)
 Table 1. Main results by regions and output areas 31 December 2011 (cont.)

Svæði <i>Region/output area</i>	Km ²	Íbúatala <i>Population</i>	Íbúar á <i>per km²</i>	Þéttbýli <i>Urban</i> %	Karlar/ 1.000 konur <i>Males/ 1,000 females</i>	Meðal- aldur <i>Average age</i>	Fram- færslu- hlutfall 0–19 ára <i>Depen- dency ratio 0–19 yrs</i>
Eyjafjörður	4.117	6.113	1,5	67,9	1.063	38,6	51,2
Akureyri	135	17.824	132	98,4	968	36,1	52,9
Brekkan, Innbær, Oddeyri og eyjar	15	5.689	373	95,7	982	39,1	47,4
Ofan Brekku	57	4.844	86	99,2	942	36,3	55,5
Utan Glerár	64	7.291	115	99,9	974	33,6	55,5
Þingeyjarsýslur austan Eyjafjarðar	18.434	4.691	0,25	55,4	1.048	39,9	47,1
Hérað og N-Múlasýsla	12.956	4.793	0,37	78,7	1.078	38,7	48,2
Fjarðabyggð og Suðurfirðir	2.747	5.095	1,9	87,8	1.164	36,8	47,6

Framfærslu- hlutfall 65+ ára <i>Dependency ratio 65+ yrs</i>	Innflytj- endur, % <i>Immigrants, %</i>	Séreignar- hlutfall <i>Owner occupied, %</i>	Atvinnu- þátttaka 16+ ára <i>Currently active, % 16+ yrs</i>	Atvinnu- leysi, % <i>Unem- ployment, %</i>	Land- búnaður og fisk- veiðar, % <i>Agricul- ture and fisheries, %</i>	Fram- leiðsla, % <i>Industry, %</i>	Þjónustu- greinar, % <i>Services, %</i>	Háskóla- menntun, % 25+ ára <i>Tertiary education, % 25+ yrs</i>	Framhalds- skóla- menntun, % 25+ ára <i>Upper secondary, % 25+ yrs</i>
28,2	6,6	79,0	70,8	3,1	18,7	28,3	53,1	17,8	32,6
23,1	3,9	73,8	71,1	4,3	5,3	22,0	72,7	26,8	32,8
30,6	5,2	74,1	67,4	4,6	5,5	20,9	73,6	27,1	31,7
25,9	2,9	73,9	71,7	3,7	4,4	21,4	74,1	30,3	33,7
15,7	3,6	73,5	73,7	4,5	5,7	23,2	71,1	24,0	33,1
31,0	6,5	71,6	70,7	3,6	19,7	24,2	56,1	17,5	33,6
26,9	5,7	74,4	73,1	3,7	12,0	27,2	60,8	21,1	30,2
21,9	11,3	72,0	76,6	3,6	10,7	32,6	56,8	18,3	32,1

Tafla 2. Þéttbýlisstaðir 31. desember 2011*Table 2. Localities 31 December 2011*

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls Total	315.556	158.151	157.405
Höfuðborgarsvæði Capital region	201.325	99.711	101.614
Stór-Reykjavík <i>Greater Reykjavik</i>	197.565	97.776	99.789
Álftanes	2.350	1.193	1.157
Grundarhverfi á Kjalarnesi	517	265	252
Minni staðir og strjálbýli á höfuðborgarsvæði <i>Rural areas in capital region</i>	893	477	416
Landsbyggðin Other regions	114.231	58.440	55.791
Suðursvæði South region	61.865	31.857	30.008
Þéttbýlisstaðir á suðursvæði <i>Localities in south region, total</i>	52.994	27.114	25.880
Keflavík og Njarðvík	13.983	7.096	6.887
Akranes og nágr.	6.591	3.379	3.212
Selfoss og nágr.	6.443	3.262	3.181
Vestmannaeyjar	4.095	2.135	1.960
Grindavík	2.742	1.420	1.322
Hveragerði	2.273	1.157	1.116
Borgarnes	1.769	892	877
Höfn í Hornafirði	1.646	853	793
Sandgerði	1.568	817	751
Garður	1.476	775	701
Þorlákshöfn	1.477	769	708
Stykkishólmur	1.086	561	525
Vogar	1.045	540	505
Ólafsvík	1.005	509	496
Hvolsvöllur	888	451	437
Grundarfjörður	820	401	419
Hella	769	379	390
Eyrarbakki	534	279	255
Stokkseyri	497	267	230
Hvanneyri	405	212	193
Bifröst	405	208	197
Flúðir	384	199	185
Hellissandur	371	189	182
Vík í Mýrdal	263	131	132
Búðardalur	258	135	123
Laugarvatn	201	98	103
Minni staðir og strjálbýli á suðursvæði <i>Rural areas in south region</i>	8.871	4.743	4.128
Norðursvæði North region	52.366	26.583	25.783
Þéttbýlisstaðir á norðursvæði <i>Localities in north region, total</i>	42.448	21.333	21.115
Akureyri og nágr.	17.638	8.676	8.962
Sauðárkrókur	2.513	1.257	1.256
Ísafjörður	2.514	1.250	1.264
Egilsstaðir	2.230	1.123	1.107
Húsavík	2.228	1.097	1.131
Neskaupstaður	1.448	745	703
Dalvík	1.330	685	645
Siglufjörður	1.169	583	586
Reyðarfjörður	1.060	586	474
Eskifjörður	980	534	446
Bolungarvík	845	433	412
Blönduós	791	407	384
Ólafsfjörður	782	411	371

Tafla 2. Þéttbýlisstaðir 31. desember 2011 (frh.)
 Table 2. Localities 31 December 2011 (cont.)

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Fáskrúðsfjörður	660	362	298
Seyðisfjörður	628	331	297
Patreksfjörður	625	323	302
Hvammstangi	565	274	291
Vopnafjörður	522	265	257
Skagatrönd	480	243	237
Fellabær	390	199	191
Hólmavík	379	204	175
Þórshöfn	369	190	179
Djúpivogur	324	167	157
Þingeyri	273	135	138
Grenivík	267	133	134
Suðureyri	264	139	125
Tálknafjörður	250	130	120
Svalbarðseyri	249	129	120
Hrafnagil	247	118	129
Flateyri	214	93	121
Hnífsdalur	214	111	103
Minni staðir og strjálbýli á norðursvæði <i>Rural areas in north region</i>	9.918	5.250	4.668

Hagtiðindi **Mannfjöldi**
Statistical Series **Population**

100. árg. • 9. tbl.

ISSN 0019–1078

2015:1

ISSN 1670–4479 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670–4487 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Ómar Harðarson • omar.hardarson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series